

## **Tillaga stjórnar að breytingu á 19. gr. laga félagsins um ritnefnd.**

*(Greinin eins og hún birtist nú í lögum FL)*

### 19. gr. Ritnefnd

Innan félagsins starfa ritnefnd skipuð þremur félagsmönnum kosnum á aðalfundi. Hlutverk ritnefndar er að sjá um Fréttabréf Félags leiðsögumanna, sem kemur út a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. eitt tölublað að vori og eitt að hausti.

Ritnefnd miðlar jafnframt eftir þörfum fréttnæmu efni, sem snertir leiðsögumenn á Íslandi, á vefsíðu Félags leiðsögumanna og starfar þar í nánú samstarfi við ritstjóra vefsíðunnar.

Stjórn Félags leiðsögumanna ber ábyrgð á vefsíðu félagsins, jafnt efni hennar sem útliti, og að fréttir og annað efni tengt félaginu birtist fljótt og vel á vefsíðunni. Stjórnin tilnefnir ritstjóra vefsíðunnar úr sínum röðum og starfar hann í nánú samráði við stjórnina og ritnefnd. Ritstjóri og ritnefnd móta vinnureglur fyrir vefsíðuna sem stjórn samþykkir.

*Tillaga stjórnar FL á aðalfundi 2016, að breytingu á 19. gr. laga Félags leiðsögumanna:*

### 19. gr. Ritnefnd

Innan félagsins starfar ritnefnd skipuð þremur félagsmönnum kosnum á aðalfundi. Hlutverk ritnefndar er að *miðla eftir þörfum fréttnæmu efni sem snertir leiðsögumenn á Íslandi og starf Félags leiðsögumanna. Til þessa nýtir nefndin sér viðeigandi miðla í nafni Félags leiðsögumanna, s.s. rafrænt fréttabréf, Facebook- og vefsíðu félagsins.*

Stjórn Félags leiðsögumanna ber ábyrgð á vefsíðu félagsins, jafnt efni hennar sem útliti, og að fréttir og annað efni tengt félaginu birtist fljótt og vel á vefsíðunni. Stjórnin tilnefnir ritstjóra vefsíðunnar úr sínum röðum og starfar hann í nánú samráði við stjórnina, *skrifstofu* og ritnefnd. Ritstjóri og ritnefnd móta vinnureglur *um starf nefndarinnar*, sem stjórn samþykkir, *fyrir birtingu efnis í miðlum sem eru í nafni Félags leiðsögumanna.*